

Nd.

667. Frumvarp til laga

[250. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist þannig:

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. komi viðbót, svo hljóðandi:

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

- a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- c. Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
- d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.

e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitolanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

3. gr.

Síðasti málsl. 2. mgr. 28. gr. orðist þannig:

Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur, eða ekki akfær.

4. gr.

85. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 7 10. apríl 1968, orðist þannig:
Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 5.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínþirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

5. gr.

a-liður 88. gr. laganna falli niður, og aðrir stafliðir greinariunar breytist samkvæmt því.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra, meginmál laga nr. 12 14. maí 1964 og laga nr. 7 10. apríl 1968, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, inn í vegalög, nr. 71 30. desember 1963, og gefa lögin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárveitinganefnd Alþingis fjallar nú um vegáætlun fyrir árin 1969—1972, og hefur nefndin, í sambandi við athugun málsins, einróma samþykkt tillögu um, að nauðsyn beri til að afla vegasjóði aukinna tekna, og þá sérstaklega með þeim hætti að hækka benzínskatt um 1 kr. á hvern benzínlítra.

Fallast verður á, að æskilegt er að verja auknu fjármagni til nýbyggingar og viðhalds vega.

Því er þetta frumvarp flutt.

Um 1. gr.

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1969—1972 eru þjóðvegir flokkaðir í samræmi við ákvæði 12. gr. vegalaga, svo sem nánar er skýrt í greinargerð með 3. kafla í tillögu að vegáætlun.

Í flokkun þjóðvega kemur hins vegar fram, að hliðarvegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum, heilsuhælum og fullgerðum raforkuverum samkvæmt undanþáguákvæðum um landsbrautir í 12. grein, eru alls 393 að tölu. Heildarlengd þessara vega er samkvæmt fskj. 3.0—04 með tillögu að vegáætlun 223.2 km, og er því meðallengd þeirra tæpir 600 m.

Miðað við eðli þessara vega og hinn mikla fjölda þeirra þykir rétt, að þessir vegir verði settir í tölu sýsluvega og undanþáguákvæðin í 12. gr. vegalaga felld niður, að undanskildum vegum að kaupúnum og að innsta býli, þar sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð.

Við þessa breytingu lengjast sýsluvegir um 223.2 km eða um 8.7%, frá því sem tilgreint er í fskj. 3.0—06 með tillögu að vegáætlun.

Þar sem flestir þessara hliðarvega teljast fullgerðir vegir, munu útgjöld sýsluvegasjóðanna ekki aukast að sama skapi og lengingunni nemur. Til þess að rýra

ekki fjárhagsgrundvöll sýsluvegasjóðanna af þessum ástæðum væri þó rétt, að framlag ríkisins til sýsluvegasjóða verði aukið nokkuð árin 1970—1972 umfram það lágmark, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 28. gr. vegalaga.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af þeim breytingum á 12. gr. vegalaga, sem um getur í 1. gr. þessa frumvarps, þykir rétt að taka upp í 19. gr. vegalaga nánari ákvæði um það, hvaða vegir skulu vera í tölu sýsluvega.

Í a- og c-lið eru eingöngu nánar greind atriði, sem fyrir eru í vegalögum. Í b-lið er hins vegar tekið fram, að vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum skuli vera í tölu sýsluvega, þ. e. þeir vegir, sem áður voru landsbrautir samkvæmt undanþáguákvæðum 12. gr. vegalaga. Hins vegar hefur ekki undir þessum lið þótt ástæða til að skylda sýsluvegasjóði til að taka við vegum að fullgerðum raforkuverum, þar sem í einstökum tilvikum getur verið um mjög langa vegi að ræða.

Í d-lið er hins vegar tekið upp ákvæði um það, að sýslunefndum sé heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum raforkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum. Á undanförunum árum hafa margar sýslunefndir tekið í tölu sýslunefnda vegi að eyðibýlum, sem nýtt eru frá nærliggjandi jörðum, svo og vegi að fjallskilaréttum. Þykir rétt að bæta einnig við heimild um að taka í tölu sýsluvega vegi að bryggjum, þar sem um lendingarstaði er að ræða.

Samkvæmt e-lið er bætt inn heimild til að verja nokkru fé til fjallvega í sýsluvegaáætlun, enda teljist vegir þessir nauðsynlegir vegna nýtingar afréttar og beittilanda. Hefur ásókn í framlög úr fjallvegasjóði til slíkra vega á undanförunum árum aukizt mjög og langt umfram það, sem fjallvegasjóður hefur getað sinnt. Þykir því rétt að taka hér upp heimildarákvæði um þetta atriði.

Í niðurlagi þessarar greinar er tekið fram, að gildandi ákvæði 19. gr. vegalaga um lágmarkslengd sýsluvega nái aðeins til a-liðar þessarar greinar, en gildi ekki um vegi, samkvæmt b-, c- og d-liðum.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af þeirri aukningu af sýsluvegum, sem d- og e-liður 2. gr. gerir ráð fyrir, þá þykir rétt, að skipting á ríkisframlagi samkvæmt 2. mgr. 28. gr. vegalaga verði bundin við lengd sýsluvega samkvæmt a—c-lið 2. gr., en skipting þessi er nú gerð samkvæmt reglugerð nr. 62/1964.

Um 4. gr.

Benzínskatturinn er nú, eftir þá breytingu, sem á honum var gerð með 2. gr. laga nr. 7/1968, kr. 4.67 á hvern benzínlítra.

Gert er ráð fyrir, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga og innheimta skattaukans hefst 1. júní n. k., myndi tekjuaukning vegasjóðs verða sem hér segir:

Árið 1969 (frá 1. júní)	29.1 millj.
Árið 1970	72.1 millj.
Árið 1971	76.8 millj.
Árið 1972	82.6 millj.

Framangreindar tölur eru allt nettótekjur vegasjóðs, eftir að lögheimilar endurgreiðslur hafa verið inntar af hendi.

Um 5. gr.

Ekki þykir ástæða til annars en greiddur sé þungaskattur af skólabifreiðum eftir almennum reglum, og er núgildandi undanþága óeðlileg, enda þýðir hún í raun og veru, að umræddur hluti skólakostnaðar er greiddur úr vegasjóði.

Um 6.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.